

## **Fundur í stjórn ÆSKP 7. september 2015, kl. 16.00.**

Mætt eru Sigurvin Lárus Jónsson, Guðmundur Karl Einarsson, Katrín Helga Ágústsdóttir og framkvæmdastjóri, Eva Björk Valdimarsdóttir.

### 1. Lausn framkvæmdastjóra ÆSKP.

Framkvæmdastjóri sambandsins Eva Björk Valdimarsdóttir hefur fengið skipun í embætti prests við Keflavíkursókn og óskar eftir lausn frá störfum og undanþágu frá hefðbundnum uppsagnarfresti, frá og með 15. september 2015.

Beiðni hennar er samþykkt.

### 2. Tímabundin ráðning framkvæmdastjóra.

Formaður leggur til að Raket Brynjólfsdóttir verður ráðin sem framkvæmdarstjóri samtakanna í hennar stað tímabundið frá 15. september til 31. desember 2015. Raket hefur áður gengt embættinu í afleysingu og er sem stendur formaður Landsmótsnefndar. Ráðgert er að þær skipti um hlutverk, þ.e. að Eva taki að sér formennsku nefndarinnar.

Tillaga formanns er samþykkt.

### 3. Auglýsing fyrir starf framkvæmdastjóra.

Rætt var um auglýsingu á starfi framkvæmdastjóra og þeim hæfniskröfum sem gerðar eru. Lögð verður áhersla á háskólamenntun sem nýtist í starfi og víðtæka reynslu af barna- og unglिंगastarfi kirkjunnar. Auglýsing verður orðuð með sambærilegum hætti og við síðustu ráðningu. Lagt var til að starfið yrði auglýst frá 1. janúar 2016 og að umsóknarfrestur renni út föstudaginn 13. nóvember 2015.

Tillagan er samþykkt.

### 4. Landsmót 2015.

Rætt var um stöðu á undirbúningi fyrir Landsmót. Ferðakostnaður er með herra móti í ár, sökum þess að auk rútukostnaðar leggst til kostnaður við Herjólf og akstur í Vestmannaeyjum. Auk þess hefur reynslan kennt okkur að áhætta við framkvæmd Landsmóts er meiri þegar valið er að hafa það í Vestmannaeyjum. Af því sökum er lagt til að mótsgjald verði hækkað um 1.000 krónur frá fyrra ári. Thelma Gunnarsdóttir sálfræðingur verður með fræðslu á Landsmóti, ásamt sr. Sigurvin og Mörtu Ferrer æskulýðsleiðtoga. Næstu verkefni eru að sækja um styrki frá Héraðssjóði og fyrirtækjum í Vestmannaeyjum.

Fundi slitið 17.15.